



Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2015 – 2016.

Aðalfundur félagsins fór fram 11. júní 2015 og tók ný kjörin stjórn þá strax til starfa og haldnir voru 6 stjórnarfundir yfir starfsárið.

Skrifstofan var opin að mestu leiti yfir sumartímamann eða á meðan starfsmenn fóru í sumarleyfi en þegar loka þurfti skrifstofunni voru erindi afgreidd í gegnum síma. Mikilvægt er að huga vel að góðu starfsfólki og hefur starfmannavelta félagsins verið mjög lítil. En Erla hefur þjónað félögum í Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis í 30 ár.

Mikið var að gera í málum tengdum orlofshúsum félagsins en félagið á tvö orlofshús í Hraunborgum, Sandgerðisvör nr. 18 og Sölvhólsvör nr. 17, eitt í Húsafelli, að Hraunbrekkum 5 og eina íbúð á Akureyri að Tjarnarlundi 10d. Einnig festi félagið nýverið kaup á raðhúsaíbúð í Altomar III í Los Arenales, sem er rétt sunnan við Alicante á Spáni ásamt þremur öðrum félögum. En í september sl. seldi félagið orlofshúsið að Kiðárbotnum 62 í Húsafelli.

Á starfsárinu var farið í að skoða hugmyndir sem varðar stækkun og breytingar á bústöðunum í Hraunborgum og búið er að setja upp rólur og smíða pall undir rólur við bústaðinn í Húsafelli. Það er fyrir utan allt viðhald og lagfæringar sem þarf að gera þegar verið er með slíkar eignir til leigu.

Fyrir utan stjórnarfundir sótti formaður fjölmarga fundi fyrir hönd félagsins Formannafundirnir voru haldnir vítt og breytt um landið, formaður ásamt Erlu fóru til Egilstaða á útvíkkaðan formannafund í september sl. þar sem farið var yfir kjaradómin sem feldur var vegna háskólamanna í BHM og hjúkrunarfræðinga. Formannafundur sjómannasambandsins var haldinn á Ísafirði í október sl. þar sem aðallega voru rædd öryggis og kjaramál sjómanna og sótti formaður þann fund.

Formaður fór á formannafund ASÍ þann 28. október þar sem kynnt var rammasamkomulagið um ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Erla fór á formannafund í forföllum formanns þar sem eineltismál á vinnustöðum bar mest af og flutti læknir frá vinnueftirlitinu fyrirlestur varðandi þau málefni.



Samningafundur um sveitarfélagasamninginn voru fjórir og var skrifað undir eftir töluvert karp þar sem náðist 9.45% hækkun að meðaltali. Síðan var haldinn almennur félagsfundur þriðjudaginn 1. desember þar sem formaður kynnti innihald kjarasamnings sem gerður var við launanefnd sveitarfélagana vegna starfsfólks Sandgerðisbæjar, samningurinn við sveitarfélögin var samþykktur með rafrænni kosningu sem fram fór á meðal félagsmanna sem vinna hjá Sandgerðisbæ.

Formaður hélt 12 vinnustaðafundi með fulltrúum nokkurra fyrirtækja í Sandgerði vegna mála sem upp komu hjá fyrirtækjunum.

Formaður sat sjö samningsfundi SGS og LS vegna SALEK samkomulagsins og áhrif þess á gildandi kjarasamning vegna beitningar. Samkomulag náðist að lokum um samninginn var skrifað undir með fyrirvara um að samningurinn yrði samþykktur af framkvæmdastjórn.

Miðstjórnarfundirnir sem formaður sótti voru þrjár talsins ásamt fundum um húsnæðismál, framkvæmd starfsmats og sóttu formaður og gjaldkeri ársfund Festu lífeyrissjóðs.

Formaður ásamt starfsmanni félagsins fóru í 15 ára afmæli Starfgreinasambands Íslands.

Einnig sátu þau námskeið um verkfallsboðun, hvernig staðið væri að boðuninni og einnig var farið yfir lög og reglugerðir varðandi verkfallsvörslu og ábyrgð stjórnar og trúnaðarmanna hjá félögunum.

Formaður ásamt gjaldkera sóttu 5.þing SGS en þar var formaður skipaður í nefndarnefnd, sem formaður laganefndar og á sæti í kjörnefnd sem starfar á milli þinga.

Formaður og gjaldkeri félagsins eru orðnir eftirlitsfulltrúar á vinnustöðum fyrir félagið og sátu þeir námskeið vegna þess í apríl sl. Stefnt er að því að Friðrik sinni þessum málum að mestu fyrir félagið.

Hið venjubundna kaffisamsæti var haldið 1. maí með tilheyrandi spjalli í húsi félagsins að Tjarnargötu 8.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá félagsmönnum í félaginu, stjórn og starfsfólkinu.

Magnús S Magnússon

